

Rannsóknir í Álftá og Veitá 1999

Sigurður Már Einarsson

Október 1999 VMST-V/99016

Efnisyfirlit

	Bls
Inngangur	1
Umhverfi	1
Aðferðir	2
Niðurstöður	2
Stangveiðin	2
Þróun í veiði	3
Einkenni laxastofns Álfár	3
Seiðabúskapur	3
Umræður	4
Heimildaskrá	5
Töflur	6
Myndir	9

Inngangur

Í þessari skýrslu greinir frá fiskirannsóknnum á vatnasvæði Álftár á Mýrum er fram fóru í lok september árið 1997. Rannsóknir hafa af og til verið framkvæmdar í Álftá frá árinu 1986 (Sigurður Már Einarsson 1987, 1988, 1989 og 1997). Markmið rannsókna hafa ætíð verið að vakta vatnakerfið m.t.t. tegundaútbreiðslu og seiðabúskapar, auk ráðlegginga er varða fiskrækt á vatnasvæðinu.

Fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós að vatnasvæðið er mjög frjósamt m.t.t. seiðaframleiðslu og stöðugleiki einkennir seiðaframleiðsluna. Einnig hafa uppeldis – og hrygningarsvæði verið vel nýtt í vatnakerfinu. Lax er helsta fisktegundin, en einnig er öflugur sjóbirtingsstofn í ánni og hefur veiði á sjóbirting farið vaxandi hin síðari ár.

Í þessari skýrslu er tekin fyrir lax – og silungsveiði í vatnakerfinu árið 1999 og gerður samanburður við fyrri ár. Þá er fjallað um helstu einkenni laxastofns árinna og gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna á seiðabúskap og þær bornar saman við fyrri athuganir.

2. Umhverfi

Ós Álftár í sjó er skammt utan við bæinn Álftárós um 18 km vestur af Borgarnesi. Áin er sambland af lindá og dragá og er vatnasvið árinna 118 km² (Sigurjón Rist 1990). Álftá á upptök sín í jaðri Álftárhrauns, skammt frá býlinu Álftá (1. mynd) og telst Álftá um 20 km að heildarlengd (Sigurjón Rist 1990). Um 6 km frá upptökum fellur í Álftá áin Veitá sem á upptök sín í Hraundal. Áin fellur öll á láglendi og eru fiskgengur hlutar árinna í innan við 70 m hæð yfir sjávarmáli. Álftá sjálf er fiskgeng nánast að upptökum, en fiskur kemst um 10 km leið eftir Veitá að litlum fossi skammt ofan við Syðri-Hraundal. Fiskur nýtir því búsvæði um 30 km leið eftir ánum.

Veiðifélag var stofnað í Álftá árið 1971 og eiga 12 jarðir aðild að félaginu. Árið 1973 var sprengdur fiskvegur fram hjá Kerfossi sem er um 10 km frá sjó og opnaðist þá stórt svæði ofan við Kerfoss, sem lax og urriði nýta nú til hrygningar og seiðauppeldis. Ennfremur eru töluverð stangveiði á því svæði sem opnaðist. Nokkur ræktun er stunduð í Álftá og einkum verið beitt sleppingum sjógönguseiða af Álftárstofni í því skyni. Undanfarin ár hefur verið sleppt 1000 – 2000 sjógönguseiðum í þessu skyni.

Aðferðir

Lax – og silungsveiði var skráð í veiðibækur, þar sem skráður er veiðidagur, veiðistaður, lengd cm, þyngd kg, og kyn einstakra fiska. Unnið var úr veiðibók fyrir árið 1999 og gerður samanburður við veiði fyrri ára.

Framkvæmd seiðarannsókna var með líku sniði og á fyrri árum til að samanburður sé raunhæfur á milli ára. Veiddar voru sex stöðvar í vatnakerfinu (1. mynd). Í Veitá var veitt efst 3,3 km ofan við Álftártungu (stöð 1) og fyrir ofan ármót (stöð 2). Í Álftá var veitt efst við bæinn Álftá (stöð 3), við Brúarland (stöð 4), fyrir neðan Verpi (stöð 5) og fyrir ofan Litlalæk (stöð 6). Allar mælingar á þéttleika eru svokallaðar vísitölumælingar á þéttleika. Farin er ein veiðiumferð á þekktu flatarmáli árbotns og ætlað að svipað hlutfall af veiðistofni (vísitala) veiðist í hvert sinn. Þéttleiki á hverri stöð var reiknaður fyrir einstaka aldurshópa á 100 m² botnflatarmál. Þá voru meðallengdir seiða efir aldri og stöðvum reiknaðar.

Niðurstöður

Stangveiðin

Árið 1999 veiddust 273 laxar og 323 urriðar eða alls 596 fiskar (tafla 1). Engin bleikja var skráð árið 1999. Lax veiddist á 11 nítján veiðistöðum, en þar fyrir utan var veiði tekin saman í eina heild fyrir efri hluta Veitár, en þar eru veiðistaðir ekki númeraðir. Mesta laxveiðin varð í Kerfossi (20,9%), næstur kom Hólkur (17,9%), því næst Hrafnshylur (16,5%) og Verpi (13,2%). Á þessum fjórum veiðistöðum fengust 68,5% af laxi sem veiddist í ánni. Urriði veiðist mest á neðri hluta árinna að Kerfossi (tafla 1). Mesta veiðin á urriða varð í Bæjarhyl (16,4%), næstur kom Lambafoss (15,2%), síðan Kerfoss (13,9%) og Verpi (9,9%).

Laxveiðin náði hámarki í 28 – 32 viku sumars. Mesta laxveiðin var 19 – 25. júlí en þá veiddist 41 lax (15,0%), en næst kom vikan 12 – 18. júlí en þá veiddust 38 laxar (13,9%). Annars dreifðist veiðin nokkuð jafnt á vikur (tafla 2). Veiði á urriða dreifðist með öðrum hætti. Mesta veiðin varð í lok veiðitímabilsins frá 13. september – 25. september (vikur 37 – 38) en þá veiddust alls 160 urriðar sem var 49,5% af heildarveiðinni. Laxveiðin reyndist mest í júlí en þá veiddust 122 laxar (44,7%), og litlu færri fengust í ágúst eða 106 (38,8%). Urriðaveiðin varð mest í september en þá veiddust 194 fiskar eða 60,1% af urriðaveiðinni (tafla 3).

Þróun í veiði

Meðalveiði á laxi árin 1974 – 1999 er 292 fiskar. Minnst varð veiðin á þessu tímabili 154 laxar árið 1973, en mest varð veiðin árið 1983 er veiðin varð 485 laxar (2. mynd). Sveiflan á milli minnstu og mestu veiði er því liðlega þreföld. Laxveiðin er hins vegar oftast á bilinu 200 – 350 laxar og verður veiðin að teljast fremur jöfn og sveiflur minni en í mörgum öðrum ám.

Veiði á urriða liggur fyrir frá árinu 1987 (2. mynd). Á þessu tímabili hafa veiðst að meðaltali 189 urriða, en sveiflur eru mjög miklar eða frá 29 fiskar og upp í 332. Veiði á urriða hefur farið jafnt og þétt vaxandi á þessu tímabili og undanfarin þrjú ár hafa fleiri urriðar en laxar veiðst í Álfhá.

Lítið verður vart við bleikju í Álfhá. Frá árinu 1987 hafa veiðst að meðaltali 4 bleikjur á ári. Sum ár veiðist engin bleikja, en mesta skráða veiði er 10 fiskar á einu ári.

Einkenni laxastofns Álfhá

Sá lax sem gengur í laxveiðiárnar á hverju ári hefur að baki eins árs dvöl (smálax) og tveggja ára dvöl (stórlax) í sjó. Eins og í flestum ám á Vesturlandi er smálax ríkjandi í Álfhá. Fyrir þá árganga sem gengu til sjávar úr Álfhá árin 1986 – 1997, var smálax að jafnaði 82,0% veiðinnar úr hverjum árgangi, en stórlaxinn að jafnaði 18,0%. (3. mynd). Lægsta hlutfall smálax á þessu árabili var úr gönguseiðaárganginum frá 1986 eða 70,7%, en hlutfallið hefur hæst farið í 90,0% úr árgangi sjögönguseiða frá 1991.

Árin 1986 – 1997 eru árgangar seiða flest árin að skila um 250 laxa veiði (4. mynd), en næst koma árgangarnir frá 1991 og 1995 með ríflega 300 laxa veiði. Árgangurinn frá 1987, sker sig úr með mestu veiðina (446 laxar).

Seiðabúskapur

Í seiðarannsóknunum haustið 1999, veiddust laxaseiði á aldrinum, 0, 1, 2, 3 og 4 ára (tafla 4). Laxaseiða reyndust ríkjandi á veiðistöðum og var magn þeirra að meðaltali 32,9 seiði á 100 m² botnflatar. Fjöldi urriðaseiða var að meðaltali 5,9 seiði/100 m², en einnig varð aðeins vart við bleikjuseiði en magn þeirra var mjög lítið (tafla 4).

Magn vorgamalla seiða var að meðaltali 13,7/100 m² (tafla 4). Mesta hrygningin var neðan við Brúarland (stöð 4). Fjöldi eins árs seiða var að meðaltali 12,8 og veiddist mesta magn þeirra fyrir neðan Verpi (stöð 5). Fjöldi tveggja ára seiða var að jafnaði 4,5 seiði/100 m², þriggja ára og eldri alls 1,9 seiði/100 m².

Samanburður við vísitölu seiðapétteleika laxaseiða frá fyrri athugunarárnum (tafla 5) leiddi í ljós að pétteleiki vorgamalla seiða og seiða á öðru ári er sá næstmesti sem mælst hefur. Pétteleiki tveggja og þriggja ára seiða er nálægt meðaltali (tafla 5). Pétteleiki urriðaseiða hefur vaxið lítillega hin síðari ár, en engar breytingar hafa orðið á pétteleika bleikjuseiða sem er mjög lítill sem fyrr (tafla 5).

Lengd laxaseiða var frá 2,9 – 12,7 cm (5. mynd). Meðallengd vorgamalla seiða var 4,2 cm, eins árs seiða 7,1 cm, tveggja ára seiða 9,2 cm og þriggja ára seiða 10,2 cm (tafla 6). Vöxtur laxaseiða fer yfirleitt batnandi er neðar dregur í ána, en athygli vakti lélegur vöxtur á stöð neðan við Verpi sem skar sig nokkuð úr á neðra svæði árinna (5. mynd).

Umraður

Laxastofn Álftár er sem fyrr öflugur og verður laxveiði að teljast mjög stöðug á vatnasvæðinu miðað við mörg önnur vatnakerfi, þótt jafnan verði nokkrar sveiflur í laxgengd og laxveiði, sem tengja má bæði sveiflum í seiðaframleiðslu, en líklegt þykir að misjöfn afkoma lax í sjó hafi þar enn meiri áhrif (Þórólfur Antonsson 1996). Athygli vekur sívaxandi veiði á sjóbirting í vatnakerfinu og síðustu þrjú ár hafa veiðst fleiri sjóbirtingar en laxar. Ástæður þess eru ekki ljósar. Hugsanlegt er að skráning á sjóbirtingsveiði sé betri en áður, að veiðimenn sem stunda ána leggi meiri áherslu á sjóbirtingsveiði en fyrr, en einnig gæti þessi þróun endurspeglad stækkandi stofn sjóbirtings á vatnasvæðinu. Veiðin á sjóbirting er mest í septembermánuði. Hér skal bent á að leyfilegt er að stunda stangveiði í 3 1/2 mánuð á tímabilinu 20. maí til 30. september. Því væri unnt að stunda veiði á sjóbirting í Álftá til loka september án sérstakra leyfa. Mælt er með því að veiðifélagið skoði þann möguleika t.d. fyrir svæðið frá ós að Kerfossi sem er aðalsjóbirtingssvæði árinna.

Skráningu á afla mætti bæta verulega í Álftá. Vankantar eru á að kyn sé skráð og ennfremur er lengd fiska einungis skráð í örfáum tilfellum. Þá er skráning á þyngd fiska greinilega ónákvæm. Mælt er með því að veiðifélagið bæti aðstöðu fyrir

veiðimenn með því að koma fyrir mælibretti fyrir lengd fiska við veiðihúsið og komi fyrir vog sem mælir þyngd laxa með 100 gr nákvæmni.

Sem fyrr er seiðabúskapur góður á vatnasvæðinu. Lax nýtir vel tiltæk hrygningar – og uppeldissvæði og vísitala seiðapétteleika á vatnasvæðinu sýnir að fjöldi seiða árið 1999 er yfir meðaltal fyrir árgangana frá 1998 og 1999, en eldri árgangar eru í meðallagi stórir. Fjöldi urriðaseiða virðist lítillega vera að vaxa í vatnakerfinu. Mælingar á stofnstærð urriðans á vatnasvæðinu þurfa þó ekki að endurspegla hugsanlegar breytingar því val á veiðistöðum í mælingum tekur einkum mið af búsvæðum fyrir lax á vatnasvæðinu, en urriði nýtir einkum búsvæði á neðsta hluta árinna.

Heimildaskrá

Sigurður Már Einarsson 1987. Álfá á Mýrum 1986. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/87004. 10 bls.

Sigurður Már Einarsson 1988. Rannsóknir á vatnasvæði Álfár 1987. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/88016X. 6 bls.

Sigurður Már Einarsson 1989. Vatnakerfi Álfár. Fiskirannsóknir 1988. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/89003X. 6 bls.

Sigurður Már Einarsson 1997. Rannsóknir í Álfá 1996. Veiðimálastofnun Vesturlandsdeild. Skýrsla. VMST-V/97002X. 7 bls.

Þórólfur Antonsson 1996. Stofnsveiflur og veiðispár. Freyr. 92. árg. nr. 11 1996: 451-457.

Tafla 1. Stangveiði í Álfhá og Veitu árið 1999 eftir tegundum og veiðistöðum.

Veiðistaður		Lax		Urriði		Samtals	
Nr.	Heiti	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
1	Sjávarfoss	1	0,4	2	0,6	3	0,5
3	Bæjarhylur	4	1,5	53	16,4	57	9,6
4	Álftárakkafljót	0	0,0	4	1,2	4	0,7
6	Bergsfljót	2	0,7	25	7,7	27	4,5
8	Stekkjafoss	5	1,8	16	5,0	21	3,5
11	Lambafoss	9	3,3	49	15,2	58	9,7
13	Bakkabollar	0	0,0	4	1,2	4	0,7
14	Brúarhylur	3	1,1	3	0,9	6	1,0
15	Siggupyttir	1	0,4	11	3,4	12	2,0
16	Túnstrengir	0	0,0	11	3,4	11	1,8
17	Neðri Kræklur	0	0,0	11	3,4	11	1,8
18	Kræklur	3	1,1	3	0,9	6	1,0
19	Stekkjarkvörn	16	5,9	15	4,6	31	5,2
20	Verpi	36	13,2	32	9,9	68	11,4
21	Laxalón	3	1,1	1	0,3	4	0,7
24	Breiðan	0	0,0	1	0,3	1	0,2
25	Kerfoss	57	20,9	45	13,9	102	17,1
26	Kerfossbrún	10	3,7	7	2,2	17	2,9
27	Pyttir	1	0,4	0	0,0	1	0,2
28	Rolluklettur	0	0,0	1	0,3	1	0,2
32	Hrafnshylur	45	16,5	6	1,9	51	8,6
33	Pottur	4	1,5	5	1,5	9	1,5
34	Hólkur	49	17,9	0	0,0	49	8,2
36	Tungufljót	1	0,4	0	0,0	1	0,2
38	Miðfljót	1	0,4	0	0,0	1	0,2
43	Túnhylur	0	0,0	10	3,1	10	1,7
44	Melhorn	0	0,0	1	0,3	1	0,2
49	Foss	1	0,4	0	0,0	1	0,2
60	Veita efri	19	7,0	6	1,9	25	4,2
100	Nafnlausir	2	0,7	1	0,3	3	0,5
	Heild	273	100,0	323	100,0	596	100,0

Tafla 2. Veiði á laxi og urriða eftir vikum árið 1999.

Tímabil	Vika nr	Lax		Urriði	
		Fjöldi	%	Fjöldi	%
25/6	25	4	1,5	3	0,9
28/6 – 4/7	26	13	4,8	3	0,9
5/7 – 11/7	27	9	3,3	9	2,8
12/7 – 18/7	28	38	13,9	28	8,7
19/7 – 25/7	29	41	15,0	16	5,0
26/7 – 1/8	30	30	11,0	10	3,1
2/8 – 8/8	31	22	8,0	4	1,2
9/8 – 15/8	32	30	11,0	22	6,8
16/8 – 22/8	33	20	7,3	14	4,3
23/8 – 29/8	34	17	6,2	17	5,3
30/8 – 5/9	35	27	9,9	21	6,5
6/9 – 12/9	36	10	3,7	16	5,0
13/9 – 19/9	37	9	3,3	128	39,6
20/9 – 26/9	38	3	1,1	32	9,9
Samtals		273	100,0	323	100,0

Tafla 3. Veiði á laxi og urriða í Álfhá og Veitá eftir mánuðum árið 1999.

Mánuður	Lax		Urriði	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Júní	9	3,3	5	1,5
Júlí	122	44,7	63	19,5
Agúst	106	38,8	61	18,9
September	36	13,2	194	60,1
Alls	273	100,0	323	100,0

Tafla 4. Vísitala seiðapétteleika laxfiskaseiða í Álfhá á Mýrum 28. september 1999.

Stöð	Svæði m ²	Lax (fjöldi í einni umferð á 100 m ²)						Urr.	Bleikja
		0+	1+	2+	3+	4+	Alls		
1	282	4,6	6,0	3,9	1,4	0,0	15,9	2,1	0,0
2	230	5,2	13,9	6,7	1,0	0,0	26,8	5,2	0,4
3	208	0,5	3,8	1,0	1,0	0,0	7,3	4,3	1,0
4	299	49,5	14,1	6,7	0,0	0,0	70,3	3,0	0,0
5	216	7,4	28,2	11,1	11,1	0,5	58,3	15,7	0,0
6	513	9,6	12,5	1,6	0,0	0,0	23,7	6,6	0,0
Allar	1748	13,7	12,8	4,5	1,8	0,1	32,9	5,9	0,2


Tafla 5. Vísitala seiðapétteleika (fjöldi í einni umferð á 100 m²) í Álfhá 1986 – 1999.

* = þétteleiki undir 0,1


Ár	Fj. stöðva	Lax						Urr.	Bl.
		0+	1+	2+	3+	4+	Alls		
1986	13	2,7	7,9	6,0	0,2		16,8	0,9	*
1987	8	3,1	6,9	6,3	9,9		26,2	2,2	0,3
1988	7	6,8	9,0	4,0	2,9		22,7	2,5	0,1
1996	7	25,6	23,5	2,2	1,7	0,1	53,1	7,1	0,2
1999	6	13,7	12,8	4,5	1,8	0,1	32,9	5,9	0,2

Tafla 6. Vöxtur laxaseiða eftir veiðistöðum í Álfhá á Mýrum 28. september 1999.


Stöð	0+		1+		2+		3+		4+	
	ml	n	ml	n	ml	n	ml	n	ml	n
1	3,6	13	6,0	17	8,4	11	11,1	4		
2	4,1	12	6,8	32	9,3	14	11,6	2		
3	4,4	1	6,0	8	11,1	3	12,7	1		
4	4,2	147	7,2	43	9,9	21				
5	4,1	16	6,5	61	8,0	24	9,8	24	10,2	1
6	4,3	49	8,2	64	10,9	8				




1. mynd. Kort af vatnsvæði Álftár. Rafveiðistaðir eru númeraðir.









2. mynd. Stangveiði á laxi og sjóbirting árin 1974 – 1999.



3. mynd. Hlutfall smálax og stórlax sem veiðst hefur úr árgöngum gönguseiða frá 1986 – 1997.



4. mynd. Fjöldi laxa sem veiðst hefur úr einstökum árgöngum gönguseiða frá 1986 – 1997.



5. mynd. Lengdardreifing laxaseiða eftir veiðistöðum í Álfá og Veitá.